



Skaðaminnkun snýst um að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni

Hugleiðing hjúkrunarfræðings á bráðamóttöku

Texti: Elín Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur bráðamóttöku Fossvoegi

Hún herðir stasann um handlegginn, staðsetur æðina og stingur. Efnid flæðir inn í líkamann. Hún verður aftur eins og hún á að sér að vera og hugsunin verður skýrari. Hún lítur út um bílrúðuna og forðast að hugsa um það sem hún varð að gera til að komast hingað. Vissi að ef hún mögulega þyrfti að leggjast inn þyrfti hún að taka með sér efni fyrir dvölina. Hún fengi ekki neitt á sjúkrahúsinu. Þegar hún fann fyrstu einkennin fyrir þremur dögum hafði hún byrjað að undirbúa sig. Sparað við sig skammtinn, beðið manninn sem hún býr hjá þessa dagana um aðeins meira eftir hvern greiða, sinnt vinum hans líka. Þrír sólarhringar af veikindum, titrandi undir sæng þar sem hún þráði ekkert annað en aðeins meiri yl eða verið svo heitt að hana langaði að rífa sig úr öllu. Fóturinn rauður, heitur og bólginn. Taktföst tromma sem aldrei hættir að berja auman útlimin. Nú sló tromman bara hraðar. Hún herðir upp hugann, kveður manninn og stígur úr bílnum. Hún horfir á innganginn og þröskuldinn sem hún þarf að stíga yfir. Þröskuldinn sem hækkar með hverju skrefi sem hún tekur. Þröskuldinn sem fyrir konu eins og hana er nær ófyrstíganlegur. Hún dregur andann djúpt og gengur inn. Stundarglasinu hefur verið snúið.

Í hverjum einstaklingi býr ósýnilegt stundarglas. Stundarglös mannanna eru mismunandi. Sum eru risastór, önnur minni.

„... höfum hugmyndafræði skaðaminnkunar að leiðarljósi og munum að stundarglös eru ákaflega brothætt.“

Sandurinn sem rennur í gegn getur verið í miklu magni eða litlu, grófur eða fin; allt eftir aðstæðum hvers og eins. Stundarglasið getur stækkað og minnkað eftir því hvernig okkur líður hverju sinni. Stundarglas vinkonu okkar er átakanlega lítið, fingerður sandurinn rennur hratt til botns.

Hjúkrunarfræðingar eru sérfræðingar í að laga störf sín að þörfum skjólstæðinga sinna. Þeir búa einnig yfir þeim einstaka hæfileika að geta haft áhrif á stundarglös. Þeir geta hægt á stöðugu rennsli sandsins, lagt glasið á hliðina og látið tímann standa í stað, eða jafnvel snúið því við, og byrjað upp á nýtt. Þegar einstaklingur sem er háður efnum í æð gengur inn á sjúkrahússtofnun upplifir hann oft á tíðum að ekki sé á hann hlustað. Tíminn sem hann hefur þar til æðarnar öskra eftir næsta skammti er jú knappur og þarf að nýta vel.



„The question is not the addiction, but why the pain?“

Dr. Gabor Maté

Hugmyndafræði skaðaminnkunar snýst um að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur hverju sinni. Stúlkan sem steig yfir himinháan þröskuld heilbrigðiskerfisins þarf að þessu sinni meðferð við sýkingu en ekki meðferð við fíkn í ávanabindandi efni. Okkur sem fagmönnum ber að verða við þeirri ósk. Við getum ekki krafist þess að hún noti ekki efni á meðan á sjúkrahússlegunni stendur ef við bjóðum henni ekki viðhaldsmeðferð. Við krefjumst þess ekki að verkjasjúklingur hætti að hafa verki ef við gefum honum engin verkjalyf. Slíkar tilraunir eru dæmdar til að mistakast.

Hjúkrunarfræðingar eru góðri stöðu til að eyða þröskuldum. Fagleg vinnubrögð og virðing gagnvart skjólstaðingnum eru grunnildi hjúkrunarfræðinnar. Flestir sem glíma við fíknisjúkdóma eru með langa áfallasögu að baki. Oft á tíðum eiga þau ákaflega erfitt með að leita aðstoðar af ötta við höfnun eða fordóma heilbrigðisstarfsfólks. Vinkona okkar í sögunni hér að ofan hefði kannski leitað aðstoðar fyrr, ef hún hefði ekki óttast áfellisdóm, þeirra sem hún þarf mest á að halda þegar hún veikist. Hún hefði ef til vill getað leitað á heilsugæsluna og fengið töflumeðferð við byrjandi sýkingu í stað þess að þurfa sjúkrahússdvöl vegna yfirvofandi sýklasóttar. Þetta eru engin geimvísindi.

Við hjúkrunarfræðingar höfum í gegnum tíðina sýnt að við getum fært fjöll fyrir skjólstaðinga okkar. Opnum hugann, höfum hugmyndafræði skaðaminnkunar að leiðarljósi og munum að stundarglós eru ákaflega brothætt.

KALMENTE | NEFÚÐI VIÐ OFNÆMISKVEFI

- NÓG EINU SINNI Á SÓLARHRING
- 140 SKAMMTAR
- NEFÚÐI
- INNIHELDUR MÓMETASONFÚRÓAT

Kalmente 50 µg/skammt, nefúði, dreifa. 140 skammtar í úðaglasi. Virkt efni: mómetasonfúróat. Ábending: Kalmente er notað við einkennum ofnæmiskvefs (einnig kallað árstíðabundið ofnæmiskvef) og stöðugs ofnæmiskvefs hjá 18 ára og eldri. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

FÆST ÁN LYFSEÐILS Í NÆSTA APÓTEKI | LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN

K.A.L.L.A.2020.0001.01

alvogen.is

